

Helstu blaðfréttir af Akureyrarfárviðrinu 5. mars 1969

Tíminn 6. mars 1969

OÓ-Reykjavík, miðvikudag.

Gífurlegar skemmdir urðu á Akureyri í dag í veðurofsa sem skall skyndilega á. Þök fuku af húsum og rafmagns- og símastaurar brotnuðu og fjölmargir bílar skemmdust. Nokkrir menn slösuðust í veðurofsanum og margir lentu í hrakningum. Veðrið gekk yfir Vestfirði og Norðurland í morgun og dag og varð hvað harðast á Akureyri. Í höfninni á Bíldudal sökk bátur og margir aðrir skemmdust, en með snarræði tókst að koma flestum bátunum úr höfninni áður en þeir sykkju. Á fyrrgreindum svæðum sfennti alla vegi í kaf á stuttum tíma og umferð stöðvaðist. Bátar sem voru að veiðum fyrir Vesturlandi skildu net sín og Ínur eftir í sjó og forðuðu sér til hafnar þegar veðrið brast á og er eftir að sjá hvernig veiðarfærunum reiðir af.

Tíminn hafði samband við Erling Davíðsson á Akureyri í dag og sagði hann eftirfarandi um skaðaveðrið þar: Rétt fyrir hádegi í dag skall á suðvestan ofsaveður á Akureyri. Það var þriggja til fjögurra stiga hiti í morgun, en hitinn lækkaði mjög ört og var kominn niður í 5 stiga frost litlu eftir hádegið. Þessu veðri fæk þak íð af verksmiðjubyggingu Lindu í heilu lagi. Járn fæk af þökum af nokkrum húsum, meðal annars urðu skemmdir á nokkrum stórum fjölbýlishúsum. Víða brotnuðu rúður í gluggum og stofur fenntu upp og urðu af þessu miklar skemmdir á hýbýlum og húsmunum. Skorsteinar brotnuðu og féllu niður og fjölmörg sjónvarpsloftnet lágu á jörðinni. Eitt hafði slöngvazt niður á bíl, sem stóð á götunni og skemmdi hann talsvert. Fjöldi bíla skemmdist vegna þess að brak fæk á þá m. a. skemmdust bílar vegna þakfoks af Lindu. Einnig urðu margir árekstrar þar sem bílstjórar sáu illa út í kófinu og færð á götunum varð fljótlega mjög slæm.

Annars má segja um þetta veður að það var nær óstætt og sást ekki á milli húsa. Nokkur vandræði voru með að koma skóla börnum heim, en veðrið skall á um það leyti sem börn voru ýmist að fara úr skólunum eða nýfarin og lentu mörg þeirra í bylnum. Annars staðar var börnunum ekki hleypt heim fyrr en lygnði. En um síðir komust öll born heim til sín, margir treystu sér ekki frá vinnustað heim í mat. yfir aðalþjóðveginn. Á Glerárbrúnni var bíll nær fokin og lágu á honum sex menn um stund til að hann héldist á hjólunum á brúnni. 30 raflínustaurar brotnuðu frá Glerárbrú norður á Lónsbrú, sem er ekki löng vegalengd og varð því rafmagnslaust að vestanverðu út með firðinum. Raflína slitnaði líka milli Grenivíkur og Svalbarðseyrar og hér í bænum 1 slitnuðu víða niður' raflínur. Fengu nokkrir menn raflost er þeir snertu þræði sem fallið höfðu niður, en lítið sást til fyrir óveðrinu.

Nokkrir menn slösuðust í þessu veðri. Meðal þeirra Steindór Steindórsson, skólameistari, sem datt úti og fótbrotnaði. Aðrir fengu raflost eins og áður er sagt og enn aðrir fuku til og skullu ýmist' í jörðina eða utan í hús og meiddust. Ekki er kunnugt um að neinir hafi slasazst lífshættulega í fárviðrinu.

Flugbjörgunarsveitin var kvödd út til aðstoðar í Hlíðarfjall þar sem nemendur Gagnfræðaskólans, 50 til 60 unglingar, dvöldu, en þar varð ekkert slys og komust unglingarnir heim heilu og höldnu. Stórstjór var á Eyjafirði og brotnaði og sökk trilla, sem var við bryggju á Svalbarðseyri. Bílar tepptust víða vegna þess að kveikjur blotnuðu í hríðarkófinu og vélarnar stöðvuðust. Vitað er um nokkra bfla sem þannig eru tepptir úti á vegutn og aðrir fóru út af vegi, en ekki hefur frétt um slys á mönnum.

Gísli Theodórsson, Bíldudal, sagði:

Um sexleitið í morgun var komið hér á Bíldudal ofsarok að vestan. Stóð vindurinn beint inn í höfnina. Þar lágu níu rækjutoátar og tveir stærri bátar. Eimhverjir bátanna höfðu slitnað upp þegar

menn komu á vettvang og þá þegar höfðu þeir skemimzt eitthvað. Börðust menn við að koma bátunum frá og út úr höfninni og komust nokkrir þeirra út en sumir voru færðir austur fyrir bryggjuna sem veitti þó lítið skjól, því stórstreymt er og flóð klukkan níu. Ekki tókst þó að ná Höfrumgi BA-60 frá, en það er um 12 lesta eikarbátur. Sökk hann í höfninni og er sjálfsagt mikið skemmdur ef ekki ónýtur. Eins og fyrr segir var vindur að vestan, en um kl. átta var um eins stigs hiti hér. Um hádegi hafði vindáttin snúist í norðvestur og komið um 15 stiga frost, með snjókomu. Er hér hið versta veður og færð. Eigandi Höfrutngs sem er nýfluttur hingað úr Tálknafirði, hefur orðið fyrir mjög tiifinnanlegu tjóni, að missa bátinn á miðri rækjuvertíð, og einnig leiðir af sér nokkurn samdrátt í atvinnulífi í landi ef fleiri eða færri bátar komast ekki á sjó vegna skemmda, en rækjuveiði hefur verið hér með eindæmum góð. Febrúaraflinn varð um 107 tonn.

daginn og færð orðin mjög slæm. Ekki var kennt hér í skólanum í dag, þar sem ekki þótti fært að láta börnin vera á ferð úti í þessu veðri. Nemendur í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði fóru í skíðaskálann í morgun. Varð að ná í unglíngana um hádegi, en þá var skallið á ofsarok og bylur. Tókst að ná þeim öllum til bæjarins og varð engum meint af. Vegagerð ríkisins gat litlar upplýsingar gefið um færð á vegum fyrir norðan og vestan, en reikna má með að flestir vegir séu ófærir. En hríðin var svo mikil fram eftir degi að bílar hreyfðu sig ekki og norðanlands var hríðin svo dimm að ekki var viðlit að hyggja að færð. Þegar leið á daginn fór veður að þyngra mjög á Austurlandi, og síðdegis skall veðrið á þar.

Tíminn 7. mars 1969

HRAKNINGAR

EKH-Reykjavík, fimmtudag. Akureyrarbær er illa útleikinn eftir suðvestan skaðaveðrið á miðvikudaginn. Hvarvetna í bænum má sjá bognar sjónvarpsstengur, þök, sem þakplötur hefur, tekið af og skorsteinalaus hús. Tjónið af völdum veðurs mun nema milljónum og er það þó ekki enn fullkannað. Margir, bæði börn og fullorðnir, lentu í hrakningum í hádegisbylnum og er það mikil mildi að enginn skuli hafa týnt lífi. Þó margir væru á ferli í hádeginu á leið heim úr vinnur varð enginn fyrir teljandi meiðslum vegna þakjárns og annars braks, sem fauk eins og hráviður um allt. Það mun hafa ráðið miklu um hversu vel fór, að ekki fylgdi mikið frost rokinu. Blaðið aflaði sér nokkurra hrakningasagna af Akureyri í dag og fara þær hér á eftir.

Fundu 8 ára stúlku fyrir hendingu.

Eins og áður hefur komið fram í fréttum voru nemendur Gagnfræðaskóla Akureyrar kyrrsettir í skólanum, þegar skaðaveðrið skall á. Ekki undu þó allir inni setunni og tók nokkur hópur kennara og nemenda úr 4. bekk sig til og hélt út í veðrið til þess að kanna, hvort skólabörn væru ekki í reiðileysi í kringum Barnaskóla Akureyrar, Húsmoeðraskólann, Sundlaugina og í nærliggjandi götum. Kennararnir urðu að fara sem mest með girðingum, því að á bersvæði var ekki viðlit að standa vegna vindhæðarinnar og svella. Þetta varð til nokkurs happs því, að við girðingu rétt hjá aðaldyrum Barnaskóla Akureyrar gengu —eða skriðu réttara sagt— kennararnir fram á 8 ára gamla stúlku, sem lá og hélt sér í girðinguna og þorði sig hvergi að hræra. Björguðu þeir stúlkunni í hús. Kennararnir fóru um flestar nærliggjandi götur við skólana, fundu ekki fleiri börn, en gátu ekki leitað eina götu, Skólastíginn sökum plötufoks. Einn kennarana safnaði saman 20 þakplötum í nánd við Húsmoeðraskólann. Það var mál kennaranna að þeir hefðu ekki komið út í hvassara veður á Akureyri. Skólayfirvöld barnaskólanna á Akureyri liggja undir nokkru ámæli fyrir að hafa hleypt börnunum heim úr skólanum. Þess skal þó getið að hádegisbylurinn skall mjög snögg á.

Bundinn í tvo tíma við bílinn

Tveir starfsmenn við Skíðalyftuna í Hlíðarfjalli, Hörður Sverrisson og Sigtryggur Sigtryggsson og Ívar Sigmundsson, skíðakennari, freistuðu þess, að komast niður úr Hlíðarfjalli í

Landroverjeppa í hádegisbylnum. Ekki var Landroverinn kominn nema 50 metra frá Hótelinu niður beina vegarkafllann þegar hann tókst á loft og fauk út fyrir veginn. Lfklega hefði hann farið margar veltur, ef hann hefði ekki steytt á stórgrýti, sem gekk langt upp í þakið á jeppanum, en hann hafnaði á hvolfi. Ívar komst fyrst út úr bílnum og skipti það engum togum að hann sviptist frá honum langa vegu og segist hann þá ekki hafa séð handaskil, hvorki bílinn né Hótelið í 50 metra fjarlægð. Eftir mikla hrakninga komst Ívar að Skíðahótelinu. Skömmu síðar kom Sigtryggur þangað, töluvert hrakinn. Hafði hann komið út úr jeppanum, og kölluðust þeir Hörður eitthvað á. Hörður mun hafa sagt félaganum sínum, að hann ætti í einhverjum erfiðleikum með að komast út, en síðan fór þeim ekki fleira í milli, þar eð Sigtryggur fauk frá bílnum. Í sömu blindunni og Ívar náði hann Skíðahótelinu eftir drykklanga stund. Nú liðu tvær klukkustundir og var fólk í Skíðahótelinu orðið uggandi um Hörð. Tveir menn, þeir Sigtryggur og Örn Þórsson, fóru bundnir saman til að leita Harðar, og gerðar voru ráðstafanir til að kalla Flugbjörgunarsveitina til leitar. Þeir sem horfðu á eftir Sigtryggi og Erni sögðu að þeir hefðu gjörsamlega fokið fram af bakkanum fyrir framan Hótelið um leið og dyrastöfunum sleppti. Leitarmennirnir fundu aldrei bílinn enda sást ekki út úr augum. Snéru þeir því aftur til Hótelsins. Loks rofaði dálítið til og kom Hörður þá til Hótelsins. Hafði hann komið út úr jeppanum og bundið sig við hann með kaðli. Hékk hann í kaðlinum þessa tvo klukkutíma og sá aldrei Skíðahótelið allan tímann. Herði var ekki meint af hrakningunum, enda vel búinn.

Öryggishurðin fauk upp.

Í skíðahótelinu í Hlíðarfjalli voru 60 neniðendur úr Gagnfræðaskóla Akureyrar aðfaranótt miðvikudagsins. Kl. 4.30 um nóttina skall veðrið á, suðvestan ofsarok, en það er versta vindáttin í fjallinu. Fyrsti vindsveipurinn braut upp öryggishurð á norðvestur gaffli hótelsins, kvennalofitin, og stóð strengurinn og kófið inn á svefnloftið. Brotnaði rúðan í hurðinni og hún skekkist á hjörunum svo ekki var hægt að loka hennu. Umsjónarkennari og skólastrákar voru um þrjá stundarfjórðunga að reyra hurðina aftur og byrgja gluggann, en ekki tók betra við, því að skömmu síðar þeyttist loftlúga í einu svefnloftanna upp í mæni og kostaði það mikið erfiði að ná henni. Allmargar ytri rúður Orotnuðu í Hótelinu, en innri rúður héldu. Er líða tók að hádegi lægði nokkuð og um hádegisbilið kom hópur 60 nemenda úr 1 bekk neðan úr bænum, í rútum og átta annarsbekkingar að fara niður í þeim aftur. Rétt eftir að bílarnir náðu upp að Skíðahótelinu skall versta veðrið á. Tvisvar var reynt að setja krakkana í bílana, en í bæði skiptin var hætt við að fara niður vegna veðurofsans. Það var ekki fyrr en komið var undir kvöld, að allur hópurinn, 120 nem., var fluttur í tveim ferðum til bæjarins. Nemendurnir sýndu mikla stillingu meðan þessu öllu fór fram, en umsjónarkennarinn, sem um 21 árs skeið hefur verið með skólakrakka í Hlíðarfjalli ár hvert, man ekki annan eins ofsa í fjallinu.

Glerplata í fótinn.

Björn Einarsson, rúmlega sjötugur maður, til heimilis á Byggðavegi 149, var á leiðinni með sleða heim til sín um tólf leytið á miðvikudag. Gekk hann upp Tryggvagötu og komst upp að gatnamótum Tryggvagötu og Glerárgötu. Þar ætlaði hann yfir en sá framá að það kæmdst hann ekki nema skríðandi. Bílaumferð var þarna mikil og áttu bifreiðastjórnir í miklum erfiðleikum vegna hríðarblindu. Björn lagði ekki í að fara yfir gatnamótun af ótta við bílana, en sem hann stóð þarna og beið, kom ferlíki fljúgandi á hann og fékk hann þungt högg á fótinn. Fannst honum sem gæti hafa verið litað gler, kannski úr benzíntanki. Glerið sneið sundur stígvél Björns og tvenna sokka og byrjaði strax að blæða úr allmdklu sári. Svo heppilega vildi til að tveir lögregluþjónar voru þarna nærstaddir á BP-benzínstöð og komu þeir strax á vettvang Birni til aðstoðar. Var hann borinn að lögreglubílnum, en á leiðinni á lögreglustöðina sniðu lögregluþjónarnir stígvélið utan af fætinum og bundu um sárið. Komið var við á lögreglustöðinni og tekinn þar maður, sem komið hafði verið með þangað aðframkominn. Hafði hann haldið sér föstum við handriðið á Glerárbrúnni og töluvert af honum dregið. Mönnunum tveimur var svo ekið í sjúkrahúsið og segir Björn að sér hafi fundið sem bíllinn hafi verið laminn sífellt utan með grjóti og spýtum, svo mikil

var djöfulgangurinn. Á sjúkrahúsinu var hlynt að mönnunum og fóru þeir báðir heim samdægurs. Biörn segir sér líða vel eftir atvikum í dag og biður hann blaðið fyrir þakki til lögreglu og lækna.

Systkini í hrakningum.

Skólabörn úr barnaskólunum á Akureyri lentu mörg í hrakningum í skaðaveðrinu og eru af því margar sögur en hér skal tiltekin ein um systkinir. Karl Þormóðsson, 12 ára og Halldóra Þormóðsdóttir, 10 ára til heimilis að Garðshlíð lld. Karl var á heimleið úr Oddeyrarskólanum um hádegisbilið þegar versta veðurhrotan skall á hann komst út á Glerarbrúna en er þar kom var ekki stætt lengur. Tók hann bá til þess ráðs að grípa í brúarhandriðið og þar hékk hann í um stundarfjórðung ungz Arni Bjarmari bifvélavirki kom drengnum til aðstoðar og bjargaði homum til húsa. Halldóra Þormóðsdóttir var einr.ig á leið heim til sín úr skólanum þegar veðrið skall á ásamt vinkonu sinni. Eddu Björk. Hröktust þær út fyrir veginn og út að súkkulaðaverksmiðjunni Lindu, en þar komust þær í hié við skaf. Í skaflinum gengu menn fram á stúlkurnar tvær og önnuðust þeir um stúlkurnar. Stúlkurnar létu ekta m.jög mikið af því að þær hefðu verið hræddar og ekkert sögðust þær hafa skælt. Ekki voru mennirnir búnir að koma stúlkunum nema svona 100 metra frá skaflinum, þegar þakið af Lindu hófst á lofi og brakið dreifð ist um allt í nágrenni verksmiðjunnar.

Morgunblaðið 6. mars 1969

VERSTA veður gekk yfir Vestur- og Norðurland í gær og mun veðurhæðin hafa orðið hvað mest á Akureyri (sjá frétt á forsíðu). Olli þessu snarpur stormsveipur sem fór allhratt yfir og urðu veðrabrigði ákaflega snögg. Þar sem stormsveipurinn fór yfir mátti segja að blési af öllum áttum, fyrst úr suðri, síðan SV, þá NV og snerist síðan í norðanátt. Kólnaði mjög í veðri, t.d. var 7 stiga hiti á Sauðárkróki kl. 6 í gærmorgun, en 16 stiga frost var komið kl. 18 í gær. Í Reykjavík komst veðurhæðin í 9 vindstig í gærdeg og var kennsla felld niður í yngstu bekkjum sumra barnaskólanna síðdegis í gær. Lá allt innanlandsf lug niðri í gær. Fáir bátar voru á sjó og var í gærkvöld ekki vitað til að nokkuð hefði orðið að þeim. Voru flestir sem á sjó voru fyrir Suðurlandi, 3 voru í vari við Snæfellsnes og einn í vari við Rauðunúpa. í höfnunum Sandgerði og á Bíldudal sukku bátar í óveðrinu.

Fara hér á eftir fréttir af óveðrinu frá fréttaritunum Mbl.

12 TONNA BÁTUR SÖKK

Bíldudal, 5. marz.

Talsverður skaði varð á smábátaflotanum hér í morgun. Milli kl. 6 og 7 byrjaði að hvesa og gerði afspyrnuveður á vestan eða suðvestan og stóð beint inn í höfnina. Spáð hafði verið norð-austan átt og voru bátar því í vari fyrir þeirri átt, en er vestan hvassviðrið kom urðu afleiðingarnar þær að Höfrungur BA 60, sem er 12 tonn sökk og þrír aðrir bátar skemmdust töluvert. Sökk báturinn um klukkan hálf níu, en þá var veðrið verst. Báturinn sökk á háflóði ofarlega í höfninni og liggur hann þar á bröttum kanti, þannig að á fjöru síðdegis í dag stóð stefnið upp úr. Eftir því sem séð verð ur hafa töluvert miklar skemmdir orðið á bátnum. Átti að reyna að fá hann til að fljóta upp nú í kvöld. Skemmdir urðu engar í landi. Vegurinn milli Tálknafjarðar og Bíldudals lokaðist og héraðslæknirinn sem situr á Patreksfirði og átti að koma hingað í dag komst ekki. Verður vegurinn opnaður á morgun ef hægt verður vegna veðursins.

— Fréttaritari.

FARÞEGAR GENGU AF BÍLNUM

Hólmavík, 5. marz.

Grimmdarveðurgekk hér yfir fyrri hluta dags með miklu frosti og snjókomu. Á skömmum tíma komst frostið í 20 gráður. Nokkrair skemmdiir urðu hér í þorpinu, þó ekki veruflegar. Sjónvarpsloftnet fuku niður og reyk háfar brotrauðu og þak f auk af eirau íbúðarhúsi. Skemmdir á

bátum urðu engar. Áætlunarbíninn frá Hólmavík lagði af stað til Reykjavíkur í morgun, en varð að snúa við rétt fyrir utan þorpið. Bíllinn komst ekki í þorpið aftur og urðu vagnstjóri og farþegar að ganga af bílnuim. Smávegis bilanir urðu á rafmagni. Veðrið er nú heldur gengið niður, en allíí vegir ófærir hér í kring. — Andrés.

LÖNDUN HÆTT VEGNA VEBURS

Dalvík, 5. marz.

Í gær snjóaði allmikið í logni og var farið að blota uim miðmætti. í morgun um 7-leytið fór svo að hvesa með slyddu fyrst í stað, síðan hægði veðrið en kólnaði og á 12. tímanum hvessti skyndilega með mjög miklum skafrenningi, þannig að ekki sá á milli húsa og mátti heita ófært út. Kennsla féll niður í barna- og gagmfræðaskólanum eftir hádegi. Í Dalvíkurhöfn liggja nú togskipin Björgvin og Björgúfur og auik þess allmargir minni bátar. Í morgun var verið að landa úr Björgvin, en varð að hætta um 11-leytið, þar sem ekki var hægt að halda áfram vegna veðurs. Ekki er vitað um að neitt tjón hafi orðið, hvorki á bátum né mannvirkjuim, en ég held að eirihvers staðar hafi fokið hey, því að hér er hey á dreif um allar jairðir. — H. Þ.

SKildu LínUNA EFTIR

Ólafsvík, 5. marz.

Tveir línubátar, sem voru á sjó voru búnir að leggja er óveðrið skall á. Urðu þeir að fara frá línunni vegna veðursins og skilja hana eftir. — Komust þeir inn heilu og höldnu. Eftir hádegi hægði veður mikið og var orðið skaplegt undir kvöld. — Fréttaritari.

Sökk við bryggjuna

Sandgerði, 5. marz.

Engir bátar voru á sjó í dag, enda versta veður á miðunum og í landi. Einn 12 tonna bátur, Gullveig, sem lá við litu bryggjuna sökk, en teljandi skemmdir urðu ekki á öðrum bátum. 22 línubátar komu að í gærkvöldi með samtals 101 tonn. Aflahæstur var Muninn með 9.8 tonn. 78 tonnum af loðnu var landað í nótt. — Í gærkvöld kviknaði í Jóni Bjarnasyni RE 318 í höfninni hér og urðu skemmdir nokkrar á þili milli lúkars og lestar. — Páll Ó.

Morgunblaðið 6. mars 1969

VERSTA veður, sem hér hefur komið árum saman, gekk yfir Akureyri um hádegisbil í dag- Vindur var af VSV, sennilega um 14 vindstig, en vegna rafmagnsbilana varð vindmælir óvirkur, svo að ekki er hægt að segja til um veðurhæð með nákvæmni. Skyggni var nákvæmlega ekki neitt og frost ört vaxandi. Stórskaðar urðu í veðri þessu á húsum og bílum og mun tjónið nema milljónum. Urðu menn fyrir hrakningum og slysum.

Í morgun var hér bezta veður, sunnan gola, bjartviðri og um 5 stiga hiti og hélzt svo fram undir hádegi. Um klukkan 12 skall fárviðrið á, afar snögglega og métti heita ófært hverjum manni fram yfir kl. 13, eh þá tók óðum að draga úr veðrinu, þó að byljótt væri og vondar hryðjur fram eftir deginum. Nú í kvöld er veður orðið stillt og bjart, en komið 15-17 stiga frost.

HRAKNINGAR SKÓLABARNA

Börn voru nýfarin heim í mat úr barnaskólunum, þegar veðrið skall á og áttu þau roörg í miklum erfiðleikum að komast heim til sín og tókst það ekki nærri öllum, fyrr en versta veðrið var gengið yfir. Vitaskuld ríkti alger óvissa um afdrif þeirra á heimilunum og nokkur ótti greip um sig bæði heima fyrir og í skólunum. Lögreglumenn og kennarar gerðu það, sem þeir gátu, til þess að leita barnanna og fylgjast með þeim heim, en lítið eða ekkert var bægt að aðhafast fyrir veðurofsanum og dimmviðri. Mennt, sem voru á ferð í bílum sínum tóku börn uipp í þá, þegar þau urðu á vegi þeirra, og mörg börn leituðu skjóls í húsum hér og þar á leið sinni. Nokkrum börnum var hjálpað inn í nærliggjandi hús af öðrum vegfarendum, sem þó áttu flestir nóg með sig. Mörg leituðu

skjólís í sundlaugarhúsinu, í íþróttahúsinu, iðnskólabyggingunni, sem er í smíðum, og yfirleitt alls staðar, þar sem afdrep var að finna. Lögreglumenn voru sendir til að hafa sérstakar gætur á Glerá, því að leið suimra barna úr Oddeyrarskóla lá yfir Glerárbrú. Betur fór þó en á hortfðist og er ekki annað vitað en öll skólabörn hafi að lokum skilað sér heim. Matarhlé var ekki hafið í Gagnfræðaskólanum, þegar veðrið skall á og voru némendur þar kyrrsettir þar til versta veðrið var gengið yfir. 120 gagnfræðaskólanemar voru staddir í skíða hótelinu og var þeim ekki hleypt þaðan út, þar til í kvöld, að fært var veðurs vegna að fíytja þau til bæjarins.

SLYSFARIR OG HRAKNINGAR

Eina slysið, sem vitað er til að hafi orðið, varð er Steindór Steindórsson skólameistari fauk til á háлку og fótbrotnaði illa í námunda við menntaskólann. Hann var einn síns liðs og leið nokkur tíma þar til hann fannst og hægt var að flytja hann í sjúkrahúis. Tveir aldraðir menn voru að niðurlotum komnir hvor í sinu lagi á Tryggvabraut, kaldir og máttvanga, þegar lögreglan fann þá af tilviijun. Voru þeir báðir fluttir í sjúkrahúis, en hresstust von bráðar. Þrír starfsmenn skíðalyftunnar voru á ferð í Hlíðarfjalli í jeppa, þegar hann fauk út af veginum og hvolfi. Komust þeir ómeiddir út úr flakinu, en gekk illa að finna skíðahótelið, sem þó vax aðeins í 50 metra fjarlægð. Voru liðnar tvær klukkustundir þar til sá síðari n'áði húsum og var farið að óttast um hann, svo að flugbjörgunarsveitin var kölluð út til þess að leita hams. Einnig leituðu menn úr flugbjörgunarsveitinni á Dalvíkurvegi að bíl, sem farið hafði frá Akureyri í morgun á leið til Dalvíkur, en ekkert hafi spurzt til í 4 klukkistundir. Hann fannst og hafði ekkert orðið að honum.

SÍMA- OG RAFMAGNSTRUFLANIR

Akureyri varð rafmagnslaus laust eftir kl. 12, en nú mun rafmagn vera komið á í öllum bæraum áitur. Urn 30 staurar eru hrotnir á háspennulínuinni milli Gleránhverfis og Lónsbrúar og einnig eru raokkrir staurar brotnir á línunni að skíðahótelinu og þar er allt rafmagnslost. Þessar skemmdir valda rafmagnsleysi á allri vesturströnd Eyjafjarðar. Álagið á bæjarsíma kerfinu var gífurlegt úm hédegið, svo að rnjög erútt var að ná símasambanadi, ekki sízt við lögreglustöðina og skólana.

BÍLASKAÐAR

Víða fuku bílar og sumum hvolfdi, m. a. þeim, sem þegar er frá sagt. Stór yfirbyggður flutningabíll, sem stóð hjá þjóðveginum norður frá bænum tókst á loft og fauk út á Hörgárbraut og lá þar um götuna þvera og teppti mestalla umferð. Víða fauk lauslegt brak á bíla og skemmdi þá meira eða minna og er varlega áætlað að um 30 bílar hafi orðið fyrir meiri eða minni skemmdum. Þar af skemmdust 7 bílar af braki úr þakhæð súkkulaðiverksrniðjunnar Lindu, sem brátt mun sagt verða. Annars var bílaumferð lítil þemnam klukkutíma, sem veðrið var venst, vegna þess að skyggni var ekkert og þar að auki hállka og svellaðar götur, svo að illt var að hemja bílana á þeim.

SKAÐAR A HÚSUM

Mjög víða í bæniuim uirðu miklar skemmdir á þökuim húsa. — Járnlötur þyrluðust um bæinn eins og skæðadrífa og nokkur þök tók af í heilu lagi. Verstar urðu þakskemmdir á verksmiðjuhúsi Lindu, en aiuk þess á nakkrum íbúðarhúsiuim, svo seim Vanalbyggð 6, Kringlumýri 6, Lækjargötu 4 og Lyngholti í Glerárhverfi. Suim þökin lágu í nærliggjandi húsagörðum, en þar að auki höfðu önnur tvístrazt og valdið rúðubrotum í nágrenninu. Og stórtjón er víða orðið imni í íbúðum, bæði á húsunum sjálfum og húsögnum, vegna glerbrota og braks, seim fokið hefur inn um gluggana. Það var algeng sjón á Akureyri síðdegis í dag að sjá menn negla krossviðarplötur fyrir glugga og reyna að hemja lausair þakplötur á þær þakplötur, sem eftir eru ófarnar á mörgum húsunum. Þá fauk þak einnig af hlöðu á bænum Glerá í Kræklingahlíð.

LINDA

Þakhæð súkkulaðiverksmiðjunnar Lindu f auk gjörsamlega af húsinu í einu vetfangi og sveif þakið, sem er 900 fermetrar, í 200 metra austur fyrir húsið. Sumt skall niður á bersvæði, en annað lenti á sambylíshúsi, tvístraðist þar og olli miklum skemmdum á bílum, sem fyrir urðu. Þakið hvíldi á sverum stálbitum, sem haldið var uppi af stálstöðum, sem voru boltaðar niður í steinloft. Annar stálbitinn varð eftir skakkur og skældur, en hinn f auk með þakinu og kengbognaði eins og vírspotti, þegar niður kom. Þarna á þakhæðinni voru birgðageymslur verksmiðjunnar og að sögn verksmiðjustjórans Eyþórs Tómassonar var nýbúið að flytja þangað miklar hráefnisbirgðir, sem voru að verðmæti nokkrar milljónir króna, þar á meðal 700 sekki af sykri. Þar að auki voru þarna geymdar umbúðir verksmiðjunnar og fuku þær að mestu út í veður og vind. Hráefnisstaflana fennti fljótt í kaf í hinu mikla hríðarveðri en reynt var síðdegis í dag að bjarga einhverju af varningi, í von um að ekki væri allt ónýtt. Með þakinu fuku einnig hitunartæki hússins og oftdælur þær, sem blása heitu lofti inn í verksmiðjuna og söga loft út aftur. Óhætt er að fullyrða að á þessum eina stað hafi orðið milljóna tjón. Verksmiðjustjórinn var þó þeirrar skoðunar í dag, að ekki þyrfti að koma til rekstursstöðvunar, þó að óvænlega horfði nú, en hins vegar lét hann þess getið að mikið vantaði á að skemmdir væru fullkannaðar.

ANNRÍKI LÖGREGLUNNAR

Akureyrarlögreglan átti óvenjulega annríkt um hádegið. Vegna stöðugra símahringinga og hálfgerðrar lömunar bæjarsímans, vegna hins óvenjulega álags, gat varðstjórinn ekki kvatt út liðsauka, þar sem hann fékk aldrei sön í símann. Þegar rafmagnið fór af varð talstöðin óvirk, svo að ekkert samband náðist lengur við lögreglubílinn, enda hefði það til lítils gagns orðið, þar sem varla taldist ökufært um bæinn. Þó gerði lögreglan það, sem hún gat til þess að aðstoða fólk, bæði við leit að börnum og eins vegna skemmda á heimilum, þar sem faliðað var t.d. aðeins húsfreyjan með ung börn.

FRÉTTIR ÚR NÁLÆGUM BYGGÐARLOGUM

Svo virðist sem veðurofsans hafi ekki gætt að ráði í nágrennasveitunum, a.m.k. er ekki kunnugt um neina stórskaða, annars staðar en á Akureyri. Þó sökk 3 tonna trilla við bryggju á Svalbarðseyri og bryggjan þar laskaðist, þegar öldugangur lyfti digrum plönkum upp úr bryggjugólf inu. Eitthvað f auk þar af þakplötum og rafmagnslaust varð á Grenivíkurlínu síðdegis í dag.

Morgunblaðið 7. mars 1969

Akureyri, 6. marz.

Akureyringar urðu á margvíslegan hátt fyrir baröinu á veðurhamnum í gær og fara hér á eftir frásagnir nokkurra. Þó að aðeins hafi verið rætt við fáa skal það skýrt tekið fram, að reynsla sumra þeirra var reynsla mjög margra hér í bæ. Í sumum hverfum brotnuðu rúður í meir en helmingi húsanna og feikna skemmdir urðu á innbúi Og húsgögnum fólks. Járnpötur flettust af þökum afar víða og sum þök tók af í heilu lagi.

Hjónin Þormóður Helgason og Rannveig Karlsdóttir, Skarðshlíð 11 í GJLerárhverfi. eiga tvö börn, sem voru í Oddeyrarskóla, og var hvorugt barnanna komið heim er óveðrið skall á. — Við vorum ekki mjög óróleg vegna barnanna í fyrstu, sagði Þormóður, því að við bjuggumst ekki við að þau hefðu verið komin af stað heim þegar hvessti, en svo var komið með Karl litla heim. Maður, sem leið átti yfir Glerárbrú, fann hann hangandi á brúarhandriðinu og mun hafa staðið tæpt að hann fyki út í Glerá. — Þegar Karl var kominn heim fórum við að óttast verulega um Halldóru og fórum við bæði hjónin að leita, og fundum hana hvergi og fréttum ekkert til hennar. Þá hringdi tengdamóðir mín og sagði að stúlkan væri hjá sér. Einhver maður hafi fundið hana og vinkonu hennar, þar sem þær voru seztar að í skafli hjá Lindu, og komið þeim í húsaskjól. Karl Þormóður, sem er 12 ára sagði: Það var ógurlega hvasst. Ég var nærri fokinrr í ána, en þá lenti ég á handriðinu og vindurinn hélt mér alveg föstum, svo að ég gat næstum ekkert

hreyft mig. Þarna rétt hjá mér var líka gamall maður, berhentur, sem var frosinn fastur við handriðið. Svo kom þarna maður, sem hjálpaði mér heim. Halldóra systir hans er 10 ára. Hún losnaði seinna en hann úr skólanum. Þegar hún var spurð hvernig ferðalagið heim hefði gengið sagði hún: Þegar við vorum komnar hjá Lindu, var orðið svo hvasst, að við gátum ekki gengið, svo að við settumst í snjóinn, og svo lögðumst við, því að annars hefðum við fokið. Þá kom maður á.bíl og tók okkur upp í bílinn. Rétt í því heyrðum við brak og bresti í Lindu, en við vissum ekkert hvað það var, því að hríðin var svo mikil. En á eftir sáum við að þakið var farið af húsinu.

Steindór Steindórsson skóla meistari fótbrotnaði illa fyrir utan Menntaskólann. — Sagði hann svo frá í dag:— Ég var að koma að heiman kl. rúmlega 12 og var kominn í hliðið norðan við Menntaskólann, þegar stormurinn hreif af mér skjalatöskuna. Ég hljóp á eftir henni ofan að Barði og náði henni þar, en þegar ég sneri við vatzt undir mér fóturinn og brotnaði, þannig að ég datt af því að ég fótbrotnaði en fótbrotnaði ekki af því að ég datt. Nú margur gamall maður hefur náttúrlega fótbrotnað, án þess að það yrði blaðamatgur. — Skólapiltar fundu mig þarna eftir eina eða tvær mínútur, breiddu ofan á mig og lögðust jafnvel ofan á mig til að skýla mér, af því að ég gat ekki staðið upp. Enda hefðu þeir ekki getað ráðið sér með mig á milli sín, eins og veðrið var. Það tók sjúkrabílinn um 20 mínútur eða hálf tíma að komast frá Menntaskólanum til sjúkrahússins, sem þó er næsta hús, aðeins Lystigarðurinn á milli. — Menn gengu á undan sjúkrabílnum, þar á meðal var Árni Friðgeirsson ráðsmaður. Þegar komið var suður fyrir Lystigarðinn f auk hann blátt áfram í átt að brekkubrúninni og hefði áreiðanlega stórslasazt, ef hann hefði farið fram af. Það varð honum til happs að fjúka á umferðarmerki, þar sem hann gat stöðvað sig og haldið sér og síðan skreið hann í húsaskjól upp að sjúkrahúsinu. Já, það varð margur maðurinn að skríða á fjórum fótum hér í bæ þennan klukkutíma. „Eg mætti barnaskólabömum hljóðandi og grátandi" Næst hitti ég að máli Álfhildi Pálsdóttur kennara við Gagnfræðaskólann. Maður hennar Bárður Halldórsson kennir við Menntaskólann og eiga þau tveggja ára son, sem Arnaldur heitir, og var í gæzlu barnfóstru í nágrenni við heimili ömmu sinnar að Gilsbakkavegi 5. Álfhildi sagðist svo frá: — Þegar ég sá veðrið versna, hringdi ég strax niður á Gilsbakkaveg, en þangað hafði Arnaldur litli þá ekki komið, né barnfóstran. Ég fór því strax af stað þangað. Þá var veðrið að vísu orðið vont, en ekki afskaplegt. Ég mætti þó nokkrum börnum úr barnaskólanum, hljóðandi og grátandi. Já það vax nú meiri söngurinn. Þegar ég kom á leiðarenda frétti ég að barnfóstran væri nýfarin með Arnald litla áleiðis upp í Gagnfræðaskóla. Þegar ég var á bakaleið var orðið kolbrjáláð veður, en þó komst ég ein hvern veginn upp að íþróttahúsi, með því að skríða og hanga á hverju sem var og handstyrkja mig áfram. Eg leitaði skjóls í íþróttahúsinu og komst ekki lengra í bili, ætlaði aðeins að kasta mæðinni. Þá eru þau þar fyrir Arnaldur og barnfóstran og hafði sá litli lítið látið veðrið á sig fá. En sá léttir að finna barnið þarna. Guð minn almáttugur! — Mágur minn, sem er í Menntaskólanum, ætlaði heim til sín í Helgamagrastræti, en treysti sér ekki þangað á móti veðrinu og fór því niður á Gilsbakkaveg til mömmu. Þar frétt. i hann að verið væri að leita að Arnaldi. Fór hann þá líka að leita, en komst ekki lengra en upp að Frímúrarahúsi, og þar fékk hann í fangið einhverja fjúkandi flygsu sem við nánari athugun reyndist vera barn úr barnaskólanum. Hann kom því snarlega í húsaskjól, inn til Árna Jónssonar bókavarðar. Maðurinn minn var að leita að okkur allan tímann, en fann okkur ekki fyrr en hann kom inn í Gagnfræðaskólann. Þá vorum við komin þangað og veðrinu slotað að mestu.

Þessu næst hitti ég að máli hjónin Elsu Guðmudsdóttur og Harald Sigurðsson, bankaritara, Byggðavegi 101 F. Haraldur var tepptur niðri í bæ í umferðaröngþveiti allan matartímann og Elsa var því ein heima, meðan ósköpin gengu yfir. Henni fórust svo orð um atburðinn: — Ég var lengi vel í símanum að halda uppi spurnum um Rögnu litlu, dóttur okkar, 11 ára. Ég frétti að hún væri farin úr barnaskólanum, hefði komið við í sundlauginni, en væri farin þaðan líka. Þetta var

ægilegur tími óvissunnar og ég gat ekki setið kyrr, heldur varð að ganga um gólf vegna taugaóstyrks. Loks hringdi til mín Ásdís Karlsdóttir, kona Einars Helgasonar, kennara, og sagðist hafa bjargað hemni inn í Gagntfræðaskólalainn. Ég hef aldrei orðið fegnari á ævi minni.

— Ég var rétt búin að sleppa simanum, þegar voðalegt högg kom á vegginn uppi á lofti. Ég þýt upp, en veit ekki hvað ég á að gera, held bara að mér höndum. Ég sé loftið á efri hæðinni lyftast og þrýstinigurinn og háivaðinn var alveg ægilegur. Þegar ég var komin niður í stigann aftur keimur annað högg á gluggann í stofunni niðri og rúðunnar komu fljúgandi inn í húsið. Glerbrotin fuku um allt og stórhfrð var í stofunni. Fyrst stóð ég bara kyrr í stiganum og hugsaði um hvað ég gæti gert. Járnplata með ánegldum borðviði hafði lent á glugganum, mölbrotið rúðuna og ýtt gluggasyllunni langt inn. Kynstrin öll af heyi og rusli bárust inn, svo að vegigirnir og loftið voru öll klístruð í þessum óþverra. Húsgögnin voru meira og minna skemmd af glerbrotum. Fljótlega var kominn stór skafl í sófanin og stólana og aihvítt varð inni á tíu mínútum. Lauslega hluti á stofuborðinu skefði í kaf og myndir á veggjuinuim rennblotnuðu, eimnig nótumar á píanóinu, Stór og þunigur glerlampi spýttist út á gólf og blómsturpottur þeyttist fyrst á borðið og síðan út í horn. — Það fyrsta, sem ég hugsaði um var að bjarga gömlum postulínsólulampa, sem hefði orðið óbætlanlegur, greip hann og þaut með hann ofan í kjallara. Svo breiddi ég teppi yfir grammófóninn, en hann var þá orðinn rennblautur. Því næst hljóp ég út til að sækja hjálp. Fyrst fór ég til Ingimars Eydals, sem venjulega kemur fyrstur í mat karlmanna hér í raðhúsinu, en hann var þá farinn út að leita að börnum. Þaðan reyndi ég að komast heim aftur, en hékk bara ósjálfbjarga á girðingunni og kól þá nokkuð á fótleggjum. Loksins komst ég hingað inn aftur og flutti húsgögnin yfir í þann enda stofunnar, þar sem ekki var beinlínis stórhfrð.

— Bráðlega kom Ingimar og negldi fyrir gluggann. Ég ætlaði að vera róleg og sótti spýtur niður í kjallara, en komst ekki með þær nálægt glugganum, vindurinn þeytti mér alltaf til baka. Þó tókst Ingimar einhvern veginn að byrgja gluggann en þá var veðrið tekið að lægja aftur. — Nú komu dætur mínar heim og vinkona þeirra með þeim og við hömuðumst svo við að moka snjónum og óþverranum. Í dag hef ég verið að reyna að þurrka gólfteppið með rafmagnssofnum. — Í þessu raðhúsi eru 7 íbúðir og rúður brotnuðu á svipaðan hátt í þeim öllum nema einni. Brakið, sem braut þær hefur sennilega komið úr þak inu á raðhúsinu Vanabyggð 6, en þar sviptist þakið alveg ofan af tveimur nyrztu íbúðunum. Kona var að þurrka af uppi á loftinu í annarri íbúðinni, en viasi þá ekki fyrri til en hún sá í stórhfrðarbylinn upp um svefnherbergisloftið. Það varð alveg ótrúleg eyðilegging á þess um eina klukkutíma. Maður hlær kannski að handapatinu í sér í dag, en maður hló ekki í gær. — Sv. P.

Milljónatjón í Akureyrarveðrinu —

40 manns sagt upp í bili í Lindu, þar sem bll starfsemi líggur niðri

„ÆGILEGASTA VEÐUR OG SNEGGSTA ÁHLAUP. SEM ÉG MAN EFTIR" SEGIR EYÞÓR TÓMASSON Í LINDU

Hrammur Akureyrarveðursins vafði 2x5 tommu stálbitum um fingur sér einsog tvinnaspotta

Akureyri, 6. marz.

Klukkutíminn milli klukkan 12 og 13 í gær verður mörgum Akureyringum minnisstæður og einnig er hann orðinn mörgum dýr. Veðurofsinn, sem þá gekk yfir skall á mjög snögglega og skildi eftir sig gífurlega eyðileggingu. Sverrir Pálsson fréttaritari Mbl. á Akureyri hitti að máli menn, konur og börn, sem á margvíslegan hátt urðu fyrir barðinu á veðurhamnum og eru frásagnir þeirra birtar á bls. 10 í blaðinu í dag. Mest varð tjónið í súkkulaðiverksmiðjunni Lindu, en þar tók af þakhæð hússins, vörubirgðir fyrir milljónir króna eyðilögðust og 40 manns hafa nú í bili misst atvinnu sína. Sagði Eyþór Tómasson forstjóri Lindu fréttaritara Mbl. svo frá: — Mér er alveg óskiljanlegt, sagði Eyþór, hvernig þakið fór af húsinu, en þetta var ægilegasta veður og sneggsta áhlaup, sem ég man eftir á minni æfi. Þakið var allt boltað niður og fimm sinnum tveggja tommu stálbitar héldu þakinu uppi. Þeir vöfðust upp eins og tvinnaspottar. Þá gekk 12 m járn gegnum allar sperrurnar að austan og steipt niður í vegginn. Þetta rifnaði allt upp. 900

fermetra þak sveif burt í einu lagi og kom niður 200—400 metra frá húsinu. Eitt er víst að eins vel var frá þakinu gengið og hugsanlegt var. — Eignatjón skiptir milljónum, en ekki er hægt að gera sér nákvæma grein fyrir því enn. Esaensabirgðir átti ég til eins árs, um 1 milljón króna verðmæti, þær fóru allar í mask. Vélaverkstæði og þvottahús voru þarna uppi á þakhæðinni og í dag erum við að reyna að tína eitthvað saman úr þeim, en meginhlutinn er horfinn. Innsogs- og útblásturskerfi lofts var allt ónýtt. 700 sekkir af hveiti voru komnir í klump, þegar búið var að flytja þá niður í gærkvöldi. Allur alúminíumpappír utan um súkkulaði, sem er ógurlega dýr, er nú blautur og gaddfrosinn og sjálfsagt ónýtur. Allar ytri umbúðir eina og pappakassar rennblotnuðu og eru ónýtar. Vörubirgðirnar þarna uppi voru á 6—7 milljónir en ekki er víst hvað hirðandi er af þeim. Við vorum nýbúnir að fá gífurlega mikið af vörum inn í húsið og þær voru allar á þakhæðinni, meira og minna ónýtar. Prentaðar umbúðir eru geymdar á neðstu hæð og þær eru sem betur fer allar óskemmdar. — Ég veit eflcki hvar hægt verður að fá peninga til að bjarga rekstrinum í bili, en ég geri allt sem ég get til að halda honum gangandi. Vinna liggur þó niðri hér, þangað til hitakerfið er komið í lag, en í dag var byrjað að smíða stökkana. Við verðum að segja 40 manns upp í bili, vonandi þó aðeins nokkra daga. Ég legg á það megináherzlu að vinnan geti hafizt iljótt aftur. — Nú vinna um 20 smíðir við að koma upp nýju þakj og þrjú verkstæði hafa tekið það að sér, svo að vonandi gengur það fljótt. Undirbúningur tekur lengstan tíma, t. d. að rétta bita þá, sem hægt er að rétta. — Ég er bara þakklátur fyrir að ekki skyldi hljótast manntjón af foki þaksins. Hugsaðu þér að fjöldi barna úr Glerárhverfi, sem voru að koma úr Oddeyrarskóla, gekk yfir svæðið þar sem þakið liggur nú, aðeing fáum mínútum áður en það fauk. Þvílíkt guðslán að enginn skyldi verða fyrir því.

Þannig var umhorfs á þakhæð Lindu er þakið var fokið. Vörubirgðir fyrir 6-7 milljónir krona, sem þarna voru, eyðilögðust meira eða minna, m.a. 700 sekkir af sykri, sem urðu að einum klumpi. Í gær var unnið að því að hreinsa til og hirða það sem nýtilegt var.

Þessi stóri flutningabíll tókst á loft í óveðrinu og fauk út á Hörgárbraut, þvert á veginn og olli umferðarteppu.

Vísir 7. mars 1969

Þessi bíll fauk niður í Glerárgilið um 20 metra. Eigandinn Vignir Kárason, slapp naumlega út úr hílum, áður en hann rann niður í gilið.

Íslendingur – Ísafold 8. mars 1969

Einhver atgangsmesti hvellibylur, sem um getur í Eyjafirði, gekk yfir um hádegi á miðvikudaginn. Sama veður kom einnig við sögu víðar um Norðurland, svo og á Vestfjörðum. Í allt að 14 stiga vestan veðurhæð með lemjandi skafhrið varð mikið tjón á húsum, bifrelðum, bátum og rafmagns- og símalínum, en á Akureyri slösuðust tveir menn. Bylurinn var snarpastur á Akureyri, en þar stóð hann aðeins í klukkutíma, um hádegið. Var mcsta mildi, að ekki urðu frekari slys á fólki, m.a. var börnum úr Barnaskóla Akureyrar naumlega bjargað tvist og bast um Brekkuna, en þeim var hleypt út í ofsann, þótt Gagnfræðaskólinn á næstu lóð sleppti engum út.

SLYS

Ekki er kunnugt um slys á fólki, nema á Akureyri, en þar voru 4 fluttir í Sjúkrahúsið, þar af tveir slasaðir, Steindór Steindórsson skólameistari og Björn Einarsson, gamall maður, serri var að huga að skepnum sínum.

TJÓN

Stærsta tjónið varð, er 900 ferm. þak Súkkulaðiverksmiðjunnar Lindu hf. sviptist af í heilu lagi og fauk langar leiðir. Brak úr húsinu fauk á nokkur stór íbúðarhús við Sólvelli og Grenivelli og braut þar rúður, og á 12 bíla, sem skemmdust meira og minna, en alls munu hafa skemmt um 50 bílar

á Akureyri þessa hádegisstund. Þá urðu einnig miklar skemmdir á húsum víða á Akureyri og í nágrenni, fuku hlöður á bæjunum Glerá og Steinkoti, mjög víða sviptust járnplötur af húspökum og fjúkandi hlutir brutu og brömluðu. Nærri 40 rafmagnsstaurar brotnuðu út með Eyjafirði að vestan. Þá, hafa borizt fréttir frá ýmsum stöðum vestur undan og allt til Vestfjarða, þar sem nokkrar skemmdir urðu, m.a. sukku smábátar í höfnum og aðrir skemmdust og simalínur slitnuðu. Nemur tjónið af völdum þessa hvellibyls örugglega milljónum króna.

MILDI

Það má telja mikla mildi, að ekki urðu frekari slys eða mann tjón í bylnum. Víða á Akureyri og í nágrenni voru fullorðnir og börn í stórhættu og margir björguðust naumlega. M.a. áttu þrír starfsmenn Skíðalyftunnar í Hlíðarfjalli láni að fagna, að komast í Skíðahóтелиð, en þeir voru á leið þangað frá Lyftunni er veðrið skall á. Jeppi þeirra f auk á hvolf og tveir mannanna út í buskann, en gátu skriðið heim í Hóтелиð og voru allt upp í 3 klukkutíma á leiðinni, 150 metra leið. Í Hlíðarfjalli var veðrið miklu verst og stóð lengur en á Akureyri. Þar voru tugir gagnfræðaskólanema og brauzt Flugbjörgunarsveitin upp eftir með hitunartæki og búnað, þar eð rafmagnsínan hafði slitnað. Þá lentu jafnt fullorðnir og börn í hrakning um í bænum, bæði vegna veðurofsans og mikillar hálfu, sem myndaðist, er allur snjór f auk út í buskann. Einkum var mildi að börn úr Barnaskóla Akureyrar björguðust öll í hús, en þeim var hleypt út rétt fyrir hádegið er veðrið var brostið á. Unnu margir að því að leita uppi börnin og koma þeim inn í næstu hús. Ríkir mikil gremja hjá foreldrum í garð skólastjórans við Barnaskólann, en þetta er í annað skiptið í vetur, að bömin ei'u send úr þeim skóla út í sótsvartan byl eftirlitslaus. Fleiri voru hætt komnir og m.a. bjargaði lögreglan eldri manni, sem var nær dauða en lífi af kulda. Var allt lögreglulið bæjarins að störfum og Flugbjörgunarsveitin, og má telja fullvíst, að framganga þessara aðila hafi ráðið úrslitum um að ekki fór verr fyrir ýmsum, sem lentu í hrakningum í þessu mesta ofsaveðri, sem Akureyringar muna.

Íslendingur – Ísafold 12. mars 1969

Hér um slóðir er nú snjólítið, en frost hafa verið mikil að undanfögnu, sagði Guðmundur Guðmundsson á Skriðuklaustri. í síðustu viku gerði hér mikið hvassviðri en tjón raun ekki hafa orðið mikið. Þó f auk hluti af þaki á íbúðarhúsi á Skriðuklaustri, en slys urðu ekki á fólki.

Dagur 12. mars 1969

Yf ir 80 hús skemriidust í of viðri á Akureyri 45 BÍLAR SKEMMDIR OG FÓLK HRAKTIST Á MIÐVIKUDAGINN, 5. marz, gekk fávriðri af vestri og suðvestri yfir Norðurland og olli miklu tjóni. Talið er að veðrið hafi verið verst á Akureyri, en þar urðu 82 hús fyrir skemmdum og 45 bílar. Og í Bæjarlandinu norðan Glerár að Lónsbrú brotnaði hver einasti staur raflínunnar, 33 eða 34 talsins, og þar að auki 12 staurar norðan Blómsturvallavegar í Kræklingahlíð. Þakið af verksmiðjuhúsinu Lindu, 900 fermetrar, f auk af í heilu lagi, mörg önnur stærri hús urðu fyrir skemmdum á þökum og gluggum, þar af fjölbýlishús og fjöldi einbýlishúsa. Skorsteinar fuku, sjónvarpsloftnet, girðingar og allt, sem lauslegt var. Tólf vindstig voru talin, en þó mun veðurhæðin hafa verið nokkru meiri öðru hverju.

Óveðrið skall á rétt fyrir hádegi og stóð á aðra klukkustund. Fjöldi fólks lenti í hrakningum, einkum þó börnin, sem voru á heimleið úr skóla í ört versnandi veðri, svo og gamalt fólk. í nokkrum tilvikum v a r börnum bjargað ú r bráðum háska og einnig fullorðnum — enda óstætt veður fullfrískum mönnum þegar verst var. Nokkrir menn slösuðust, en enginn týndi lífi, en ýmsir voru hætt komnir, þótt ekki verði hér rakið.

Alþýðumaðurinn 7. mars 1969

Er Akureyri Sódóma nútímans – sem drottinn var að refsá?

Gífurlegt eignatjón í fávriðrinu á miðvikudaginn en eflaust fyrir guðsmildi fá slys á mönnum

ELZTU MENN segjast ekki muna annan eins ofsa í veðri og þann er gekk yfir bæinn á miðvikudaginn. Sem hendi væri veifað skall fárviðrið yfir og tók bæinn í hershendur og mátti ætla að þá er aðgangurinn var mestur að Drottinn allsherjar hefði kjörið bæinn okkar við Pollinn sem Sódómu tuttugustu aldarinnar, og því dæmt hann til eyðingar.

Gífurlegt eignatjón.

Fárviðrið olli gífurlegu eignatjóni í bænum og er eigi vitað enn hve hátt það verður metið í krónutölu, en eigi mun ofmælt að það nemi tugum milljóna. Stórfeldasti skaðinn var á Súkkulaðiverksmiðjunni Lindu en þar svifti gjörningaveðrið þakhæðinni gjörsamlega af á svipstundu og barst þakið, sem er um 900 fermetrar, um 100 metra austur fyrir verksmiðjuna og olli miklu tjóni á bifreið um og einnig á sambýlishúsi í grenndinni. Á þakhæðinni voru geymdar hráefnisbirgðir verksmiðjunnar og eyðilagðist mikið magn þeirra og mun því óhætt að segja að margra milljóna króna skaði hafi orðið á Lindu einri, þótt í útvarpsfréttum væri sagt frá aðeins hundruð þúsunda kr. tjóni yfir bæinn allan. Um allan bæ urðu meiri og minni skemmdir, plötur fuku af húsum og gluggar brotnuðu. Mjög tilfinnanlegt tjón varð að bænum Glerá og á íbúðarhúsunum í Vanabyggð 6. Lyngholti í Glerárhverfi og Lækjargötu 6, svo að nokkur dæmi séu nefnd Á meðan mesti ofsinn stóð yfir mátti ætla að dómisdagur væri kominn yfir þær rúml. 10 þúsund sálir er byggðu Akureyrarbæ.

Dimmt um hádegi.

Þá er veðurofsinn var sem mestur var dimmt yfir, hríðarkófið það mikið að ekki sást út úr augum, en í gegn um dyn ofviðursins gátu vegfarendur greint glamur í járnplötum e r geystust framhjá, ásamt óskutunnum og fleiru lauslegu, sem Kári hafði að leiksoppi. Líta mátti bíla steypa sér kollhnís og jafnvel 10 tonna vöruflutningabíll virtist vera auðvelt leikfang þessa voðaveðurs.

Hrein guðsmildi að ekki varð manntjón.

Það má segja að hrein guðsmildi hafi verið að ekki skyldi verða manntjón í ofviðrinu, þar sem járnplötur og jafnvel heil þök rigndi eins og skæðadrífa yfir götur bæjarins. Slys urðu furðu lítil á fólki. Mesta slysið var að skólameistari, Steindór Steindórsson, fótbrotnaði skammt frá M. A. Bar skólameistarj sig hetjulega þá e r sjúkrahúsi var náð þrátt fyrir vosbúð og þjáníngar. Það var menntaskólanemi sem fyrst kom á vettvang og hlífði hann skólameistara með líkama sínum unz fleiri komu til aðstoðar. Eldri manni var bjargað þar sem hann hékk á handriði Glerárbrúar orðinn aðframkominn af kulda, en hresstist fljótt eftir að á sjúkrahús var komið. Allir voru bræður og systur. Engin ræður sínum næturstað, er máltæki birt á rökum, en bæta mætti nú við eftir „Akureyrarveðrið" að enginn réði því hvar borðaður yrði hádegisverður. Því að víða var bankað að dyrum af bláókunnugu fólki, sem húsráðendur tóku þó opnum örmum og leiddu til borðs, þótt enginn boðsmiði hefði verið sendur. Margt fólk sem lenti í nauðum í ofviðrinu hefur beðið blaðið fyrir bezta þakklæti til Péturs, Páls, Kristínar og SigríSar, er opnuðu hús sín og buðu bláókunnugann gest velkominn í blautfiskinn eða sigin fiskinn eður pulsar. Akureyringar voru allir bræður og systur meðan gjörningaveðrið stóð yfir. Hjálpfýsi og drenglund var rauði þráðurinn á hinum dimma Sódómudegi, þá er óveðrið skók bæinn í tröllahöndum sínum. AM þakkar bæði guði og mönnum að eigi skyldi verr til takast í gjörningaveðrinu og því ekki að segja frá í lokin um mælum eins góðkunningja blaðsins, sem er því miður ekki krati: „Myndir þú hafa bjargað Herbert við íslending-ísafold ef hann hefði verið í nauðum staddur". Og án nokkurs hiks sagði ég já, og fullviss um að svo hefði verið hið sama svar Herberts, ef hann hefði fregnað að ritstjóri AM væri í nauðum staddur. Já og jafnvel Stefán Reykjalín og Sigurður Draumland hefðu lagt sig í lífshættu er SOS-skeyti hefði borizt þeim að ritstjóri AM væri í háska staddur.

Ellefu vindstig fyrir hádegi.

Skólabörn lentu í hrakningum.í gær voru stóðugar hringingar til AM þar sem mæður sögðu f rá tvísýnni baráttu barna sinna til að ná heim í ofviðrinu frá barnaskólum bæjar ins, Oddeyrarskóla

og Barnaskóla Akureyrar, og þungar ásakanir hafa verið boi'nar fram til forráðamanna þessara skóla, að hleypta börnunum út í veðrið og hefur AM aldrei orðið var slíkrar reiðiöldu fyrr í bænum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni sýndi vindmælir rúmlega 11 vindstig laust fyrir 12 eða áður en hann varð óvirkur þá er bærinn varð rafmagnslaus. Hér skal enginn dómur vera á það lagður hvort skólastjórar fyrrnefndra skóla hafa sýnt vítavert gáleysi, heldur skal þakka forsjóninni fyrir að öll börnin komust að lokum heim heil á húfi þrátt fyrir mikla hrakninga — og vonandi verða forráðamenn skóla og aðrir reynslu ríkari eftir þetta gjörningaveður og sýni eftirleiðis meiri varkárni þá er veður eru válynd. Þá vill AM koma á framfæri þökkum til skólastjóra og kennaraliðs bæði Gagnfræðaskólans og Barnaskóla Glerárhverfis fyrir forboð þeirra að nemendur yfirgæfu skólana meðan fárviðrið geysaði.

Fimmtíu íbúðarhús skemmd í Glerárhverfi og Ytri-Brekkunni.

Mikið annríki hefur verið hjá lögreglunni bæði á óveðursdaginn og á eftir. Samkvæmt upplýsingum er Árni Magnússon vaktstjóri gaf blaðinu í gærkveldi munu um 50 hús hafa orðið fyrir skemmdum í Glerárhverfi og Ytri-Brekkunni. Hve margir bílar hafa skemmt, er ekki enn vitað, en eigi mun of hátt áætlað að þeir séu aldrei innan við 50.